

Stjórnarfundur í Geðhjálp

4. mars 2025

Mætt: Elín Ebba Ásmundsdóttir, Elín Atím, Jón Ari Arason, Grímur Atlason, Sigrún Sigurðardóttir, Svava Arnadóttir, Sigmar Þór Ármannsson og Sigurborg Sveinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð frá 11. febrúar sl.

Lögð fram til kynningar og samþykktar.

Samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór fund WHO og Mental Health Europe í lok febrúar þar sem unnið var að „road map“ í tengslum við hlutverk og skilgreiningu jafningja innan geðheilbrigðiskerfisins og félagslega kerfisins innan Evrópu. Fundarmenn komu úr ýmsum áttum: jafningjar, aðstandendur, fulltrúar hagsmunasamtaka, fulltrúar frá Evrópusambandinu og WHO og fagfólk úr ýmsum kerfum.

Framkvæmdastjóri og varaformaður sátu fund varðandi niðurstöður um stefnumótun Bataskólans sem voru unnar upp úr stefnumótunarfundi aðila sem koma að skólanum í janúar. Farið verður betur yfir möguleikana í apríl.

Formaður og varaformaður fóru yfir fundarefni frá mánaðarlegum fundi sem þau áttu með yfirstjórn geðsviðs Landspítalans.

Formaður og framkvæmdastjóri áttu fund hittu Heilbrigðisráðherra og ræddu um geðheilbrigðismál og fóru yfir áherslumál Geðhjálp.

Formaður sat fund með fulltrúum Reykjavíkurborgar og Landspítala um hópa með flókin vanda og úrræðaleyfi innan kerfisins. Framkvæmdastjóri fer með fulltrúum Reykjavíkurborgar, Landspítalans og Heilbrigðisráðuneytinu í viku námsferð til Hollands þar sem skoðuð verða úrræði og hugmyndafræðin að baki þeirra verða einnig skoðuð.

4. Ársreikningur 2024

Ársreikningur var sendur stjórnarfólki með fundarboði. Hann hefur verið yfirfarinn af bókara samtakanna og endurskoðanda og er lagður fram til samþykktar stjórnar. Ársreikningur undirritaður af viðstöddum fundarmönnum og sendur til samþykktar aðalfundar samtakanna sem fer fram þann 25. mars nk.



5. Framlög ríkisins til Geðhjálpar

Framkvæmdastjóri kynnir að rekstrarframlög ríkisins til samtakanna hafa dregist saman um 56% frá árinu 2020.

6. Aðalfundur

Formaður fer yfir að aðalfundur Geðhjálpar verður í haldinn Valsheimilinu Hlíðarenda þann 25. Mars nk. kl. 16:00. Á dagskrá verða hefðbundinn aðalfundarstörf. Búið er að auglýsa fundinn með lögbundnum hætti.

7. Farið yfir erindi frá Janus

Fulltrúar frá Janus endurhæfing óskar eftir fundi með Geðhjálp vegna yfirvofandi lokunar á starfseminni.

(Formaður víkur af fundi áður en liður 7 og 8 eru er teknir fyrir)

Framkvæmdastjóra falið að finna heppilegan fundartíma og boða jafnframt þau sem geta úr stjórn til að sitja fundinn.

8. Önnur mál

1. Framkvæmdastjóri segir frá að Geðhjálp hafi fengið boð á fund hjá TR þann 7. mars nk. varðandi sérhæfða sérfræðimatið. Fulltrúar Geðhjálpar munu mæta á fundinn.
2. Varaformaður leggur til að framkvæmdastjóra verði falið að endurskoða þóknun formanns með það fyrir augum að starfshlutfall verði í kringum 50%. Samþykkt.

Fundi slitið 18:30

A. Guðbjörnsson
Stjórn Arnard.